

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Starfsmenntunarsjóð Bandalags háskólamanna

1. gr.

Heiti, varnarþing og heimili

Sjóðurinn heitir Starfsmenntunarsjóður Bandalags háskólamanna (BHM). Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík. Starfsmenntunarsjóður BHM er sjálfstæður lögaðili sem ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og er ekki rekinn í ágóðaskyni.

2. gr.

Markmið og hlutverk

Markmið Starfsmenntunarsjóðs BHM er að styrkja sjóðfélaga til sí- og endurmenntunar. Þessu markmiði skal m.a. annars náð með að verja fjármunum sjóðsins til eftirfarandi verkefna:

- Styrkja sjóðfélaga til að stunda nám eða sækja einstök námskeið, hvort sem námið er í framhaldi af fyrri menntun eða er til að styrkja stöðu sjóðfélaga á vinnumarkaði á annan hátt.
- Styrkja sjóðfélaga til að sækja ráðstefnur og kynna sér nýjungar jafnt innanlands sem utan.
- Styrkja sjóðfélaga til rannsóknarverkefna.

3. gr.

Aðild

Rétt á aðild að sjóðnum eiga allir sem eru í stéttarfélagi innan BHM. Sjóðsaðild byggist á því að greitt sé til sjóðsins iðgjald, nú 0,22% af heildarlaunum. Aðrir geta átt aðild skv. ákvörðun sjóðstjórnar.

4.gr.

Sjóðsstjórn

Sjóðsstjórn skal skipuð 4 stjórnarmönnum, tveimur fulltrúum frá fjármálaráðherra og tveimur fulltrúum BHM.

Enginn stjórnarmaður skal sitja lengur í stjórn en 8 ár samfelld. Sjóðsstjórn skiptir sjálf með sér verkum.

Stjórnin ber ábyrgð á rekstri, fjárhag og eignum sjóðsins. Hún skal móta og þróa starfsemi sjóðsins í samræmi við markmið hans. Hún skal halda a.m.k. einn fund árslega til að kynna stefnu sína og fjárhagsstöðu sjóðsins fyrir fulltrúum þeirra aðildarféлага BHM sem aðild eiga að sjóðnum. Sjóðsstjórn setur almennar úthlutunarreglur og tekur ákvarðanir í vafatilfellum. Úthlutunarreglur skulu endurskoðaðar að lágmarki árlega og breytingar á þeim kynntar á heimasíðu sjóðsins.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og ársreikningur skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda.

5. gr.

Breytingar á skipulagsskrá og slit sjóðsins

Skipulagsskrá þessari má breyta með ákvörðun stjórnar sjóðsins. Ákvörðun um að leggja Starfsmenntunarsjóð BHM niður eða sameina hann öðrum aðila skal einnig tekin af stjórn sjóðsins. Í öllum tilfellum skal það samþykkt með atkvæðum allra stjórnarmanna og hljóta samþykkt fjármálaráðuneytis og formannaráðs BHM.

SKIPULAGSSKRÁ
fyrir Starfsmenntunarsjóð Bandalags háskólamanna

6. gr.
Gildistaka


Skipulagsskrá þessi tekur gildi að fengnu samþykki neðangreindra aðildarfélaga BHM, en þau voru aðilar að kjarasamningi við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs dags. 6. júní 2011. Skulu aðilar, BHM og fjármálaráðuneytið, skipa stjórnarmenn innan tveggja vikna frá staðfestingu.

Reykjavík, 11. febrúar 2013

f.h. Dýralæknafélags Íslands

f.h. fjármála- og efnahagsráðherra

f.h. Félags geislafræðinga




Jóna L. Ljósveit

f.h. Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins

f.h. Félags háskólakennara

f.h. Félags háskólakennara á Akureyri

f.h. Félags íslenskra félagsvísindamanna



Jón H. Kallóvsson

f.h. Félags íslenskra náttúrfræðinga

f.h. Félags lífeindafræðinga

f.h. Félags prófessora við ríkisháskóla

f.h. Félags sjúkraþjálfara

f.h. Félagsráðgjafafélags Íslands



11. febrúar 2013

SKIPULAGSSKRÁ
fyrir Starfsmenntunarsjóð Bandalags háskólamanna

f.h. Fræðagarðs

f.h. Iðjuþjálfafélags Íslands

f.h. Kjarafélags viðskipta- og hagfræðinga

f.h. Leikarafélags Íslands

f.h. Ljósmeðrafélags Íslands

f.h. Sálfræðingafélags Íslands

f.h. Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga

f.h. Stéttarfélags háskólamanna á matvæla- og næringarsviði

f.h. Þroskaþjálfafélags Íslands

